

## SAMÞYKKT

68

9. marz

### um lokunartíma sölubúða á Eskifirði.

#### 1. gr.

Sölubúðum á Eskifirði skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

#### 2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis og þær eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu þær undantekningar frá þessu, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis, og laugardag fyrir páska og laugardag fyrir hvítasunnunni eigi síðar en kl. 5 síðdegis. Fjórða og síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 12 síðdegis.

Á tímabilinu frá 15. maí til 14. september skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 3 e. h. og á föstudögum eigi síðar en kl. 8 e. h.

Ef skortur er á eldsneyti eða ljósmeti í bænum, eða útlit fyrir að skortur geti orðið á því, er hreppsnefnd heimilt að ákveða, að sölubúðum skuli lengri eða skemmri tíma lokað fyrr en kl. 6 síðdegis og þær opnaðar síðar en kl. 9 árdegis á virkum dögum.

#### 3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágústmánuði, mega engar sölubúðir vera opnar. Hinn 1. maí, 17. júní og 1. desember skulu allar sölubúðir lokaðar kl. 12 á hádegi, ef þessa daga ber upp á virkan dag.

#### 4. gr.

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða í samþykkt þessari skal sú ein undanþága vera, að brauðsölubúðum og mjólkursölubúðum má halda opnum á almennum helgidögum, sumardaginn fyrsta, fyrsta mánudag í ágústmánuði, 1. maí, 17. júní og 1. desember frá kl. 9 árdegis til kl. 1 síðdegis, eingöngu til sölu á brauðum, kökum, mjólk, rjóma og skyri.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða. Þeim er þó óheimilt að selja, eftir lokunartíma sölubúða, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

#### 5. gr.

Þá, sem kommir eru inn í sölubúð fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

#### 6. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja lyfjabúðum, brauðbúðum og mjólkurbúðum, á torgum eða götum eða annars staðar utan sölubúða, nema úr sjálf-sölum, nokkurn þann varning, er ekki má selja án verzlunarleyfis. Heimilt er þó að selja bátum eða skipum, eftir lokunartíma, veiðarfæri, kol, olíu og matvæli, svo og bifreiðum benzín og olíu. Enn fremur er heimilt að selja nauðpurftir, eftir lokunartíma, til langferðamanna, svo og til vegavinnu-, símalagninga- og annarra hóp-vinnumannna, sem atvinnu stunda fjarri heimili sínu og eigi koma oftast heim en á vikufresti.

68

9. marz

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 20—500 krónum, og renna sektirnar í hreppssjóð Eskifjarðarhrepps. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 9. marz 1945.*

**Finnur Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

69

14. marz

## REGLUGERÐ

### um róðrartíma fiskibáta.

1. gr.

Bátar, sem til fiskjar sækja frá Reykjavík og Hafnarfirði og leggja lóðir sínar í norðanverðan Faxaflóa, skulu leggja út á miðin á þeim tíma og frá stað þeim, sem ákveðinn er í 2. gr. reglugerðar þessarar.

2. gr.

Burtfararstaður báta úr Reykjavík skal vera baujan á Akureyjarrifi og báta úr Hafnarfirði baujan á Valhúsgrunni.

3. gr.

Brottfararstaður báta úr Reykjavík skal vera sem hér segir:

Í janúarmánuði .....	kl. 23.50	isl. meðaltími.
Frá 1. febrúar til 14. febrúar .....	— 22.50	— —
— 15. febrúar til 15. marz .....	— 21.50	— —
— 16.—31. marz .....	— 20.50	— —
— 1.—15. apríl .....	— 19.50	— —
— 16.—30. apríl .....	— 18.50	— —
— 1.—15. maí .....	— 17.50	— —

Brottfarartími báta úr Hafnarfirði skal vera sem hér segir:

Í janúarmánuði .....	kl. 23.32	isl. meðaltími.
Frá 1. febrúar til 14. febrúar .....	— 22.32	— —
— 15. febrúar til 15. marz .....	— 21.32	— —
— 16.—31. marz .....	— 20.32	— —
— 1.—15. apríl .....	— 19.32	— —
— 16.—30. apríl .....	— 18.32	— —
— 1.—16. maí .....	— 17.32	— —

Að því er varðar báta frá Reykjavík skal þeim gefið brottfararmerki (ljósmerki) frá Gróttu. Formenn þeir, sem kjörnir eru til eftirlits í Hafnarfirði skulu gefa brottfararmerki við brottfararstað þann, sem ákveðinn er í 2. gr. fyrir báta úr Hafnarfirði.

Ljósmerkin skulu vera svo greinileg, að þau sjáist frá öllum þeim bátum, sem komnir eru á brottfararstað. Er bátum óheimilt að leggja frá brottfararstað, fyrir en ljósmerki hefur verið gefið.